



4. mars 1997

Alþingi

Erindi nr. D 121 1989

komudagur 5 13 1997

Allsherjarnefnd Alþingis,
Sólveig Pétursdóttir, formaður,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Visað er til bréfs yðar frá 5. febrúar 1997 þar sem óskað er eftir umsögn Seðlabankans um frumvarp til laga um sanningsveð, 234. mál.

Seðlabankinn hefur áður fjallað um framkomin frumvörp um sanningsveð, m.a. á 120. löggjafarþingi, 274. mál, með umsögn dags. 3. maí 1996.

Athygli bankans hefur nú aðallega beinst að þeim breytingum sem gerðar hafa verið á frumvarpinu frá því að það var flutt á 120. löggjafarþingi.

Seðlabankinn fagnar þeirri lausn sem fram kemur í 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins og varðar meðferð fjárverðmætis sem stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt, t.d. aflahlutdeild fiskiskips og greiðslumark bújarðar. Jafnframt því, að hafi fjárverðmæti það, sem slík réttindi eru skráð á, verið veðsett sé eiganda þess óheimilt að skilja réttindin frá fjárverðmætinu nema með þinglýstu samþykki þeirra sem veðréttindi eiga í viðkomandi fjárverðmæti. Lausn þessi virðist tryggja hagsmuni lánastofnana gagnstætt því sem var í frumvarpi sama efnis og flutt var á 120. löggjafarþingi, sbr. umsögn bankans frá 3. maí 1996.

Seðlabankinn gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarp þetta, en bendir á, að eðlilegt sé að skýringar komi fram í athugasemdum við einstakar greinar vegna nýmælis í 2. mgr. 48. gr. þar sem mælt er fyrir um refsingu við broti gegn ákvæðum 2. ml. 4. mgr. 3. gr.

Tekið skal fram að framangreind umsögn um frumvarp þetta er sameiginleg með Seðlabanka Íslands og bankaeftirliti Seðlabankans, sem einnig var send beiðni um umsögn um frumvarpið. Sama á við um fyrri umsögn Seðlabanka Íslands, sbr. bréf dags. 3. maí 1996.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS